

Mál nr. 80/2020**M og
V vegna brunatryggingar og viðbótarbrunatrygginga húseigna****Ágreiningur um bótafjárhæðir vegna tjóns á innbúi 19. maí 2019. Frávísun.****Gögn.**

Málskot mótttekið 2. mars 2020 ásamt fylgigögnum.

Bréf V dags. 30. apríl 2020 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón varð á sumarhúsi M vegna bruna 22. desember 2019. Á tjónsdegi var í gildi hjá V brunatrygging húseigna vegna sumarhússins og á vátryggingarskírteini kemur fram að vátryggingarfjárhæð sé 16.847.337 krónur vegna brunatryggingar húseigna og 10.180.000 krónur vegna viðbótartryggingar. Á vátryggingarskírteini kemur einnig fram að skilmáli viðbótartryggingar sé sá að skilyrði bótaréttar úr viðbótartryggingu húseigna sé að vátryggingarfjárhæð hinnar lögboðnu brunatryggingar húseignarinnar hafi ekki reynst nægjanleg til að bæta sannanlegt brunatjón á hinni vátryggðu húseign.

M krefst samtals 25.760.388 króna bótagreiðslu úr brunatryggingu auk þess sem sem M fer fram á að 1.854.740 króna förgunarkostnaður komi ekki til frádráttar bótum, þar sem honum hafi ekki verið gefinn kostur á að sjá um förgun sjálfur. Einnig telur M að V geti ekki dregið frá bótafjárhæð 6.154.229 krónur vegna byggingar óinnréttaðs skúrs á lóð húseignarinnar.

V bendir í fyrsta lagi á að það hafi ekki samþykkt að nefndin fjalli um ágreining um bótafjárhæðir í málinu og því eigi að vísa málinu frá með vísan til 3. gr. samþykktta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing birt í B-deild stjórnartíðinda nr. 1090/2005. Að öðru leyti telur V ekki forsendur til frekari bótagreiðslna en tjónamat félagsins dags. 14. janúar 2020 sýnir, en þar kemur fram að heildaruppgjör sem M var boðið til greiðslu voru 17.707.746 krónur, sbr. tölvupóstur starfsmanns V til M, dags. 30. janúar 2020.

Álit:

Í 2. mgr. 3. gr. samþykktta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing birt í B-deild stjórnartíðinda nr. 1090/2005, kemur fram að nefndin úrskurði ekki um bótafjárhæðir nema að fengnu sérstöku samþykkti allra málsaðila. Af gögnum þessa máls og kröfugerð M verður ekki annað ráðið en að ágreiningur í málinu snúi að því hvaða fjárhæðir eigi að greiða úr brunatryggingu og viðbótarbrunatryggingu húseignar hjá V vegna vátryggðs sumarhúss hans sem brann 22. desember sl.

Í gögnum málsins kemur fram afstaða félagsins til fjárhæða bóta liggur fyrir og af málskoti verður ekki annað ráðið en að M sé ósáttur við þá fjárhæð. Telst ágreiningur vera um bótafjárhæð og þar sem V hefur ekki samþykkt að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir verður að vísa málinu frá nefndinni.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík 19. maí 2020

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson lögmn.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.